




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# STEFÁN RAGNAR OG ASHKENAZY

---

2. MAÍ 2013





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

---

### Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is).

---

### Áætluð tímalengd verka:

*Rhapsody Overture*: 10'00"

*Flautukonsert*: 18'00"

*Kólumbína*: 4'00"

*Sveitasinfónían*: 38'00"

BAKHJARLAR:

---



GAMMA

# STEFÁN RAGNAR OG ASHKENAZY

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 2. MAÍ 2013 » 19:30

---

**Vladimir Ashkenazy** hljómsveitarstjóri  
**Stefán Ragnar Höskuldsson** einleikari

---


**Carl Nielsen** *Rhapsody Overture (1927)*

**Carl Nielsen** *Flautukonsert (1926)*  
*I. Allegro moderato*  
*II. Allegretto – Adagio ma non troppo – Allegretto –*  
*Tempo di marcia*

**Þorkell Sigurbjörnsson** *Kólumbína II. kafli (1982)*

Hlé

**Ludwig van Beethoven** *Sinfónía nr. 6 í F-dúr, op. 68 (1807-08)*  
*Fagnaðarkenndir vakna þegar komið er í sveitina*  
*Við lækinn*  
*Sveitungar skemmta sér –*  
*Þrumuveður –*  
*Söngur smalans. Gleði og þakklæti þegar óveðrinu slotar*



## VLADIMIR ASHKENAZY

hljómsveitarstjóri

Vladimir Ashkenazy er óumdeilanlega frægastur íslenskra ríkisborgara í klassíska tónlistarheiminum. Í ríflega hálfra öld hefur hann verið í hópi fremstu hljóðfæraleikara, eða allt frá því hann komst á verðlaunapall í þremur virtustu tónlistarkeppnum heims: hann hlaut önnur verðlaun í Chopin-keppninni í Varsjá árið 1955 og fyrstu verðlaun bæði í Queen Elisabeth-keppninni í Brüssel 1956 og Tsjaikovskij-keppninni í Moskvu 1962.

Undanfarna áratugi hefur orðstír Ashkenazys sem hljómsveitarstjóra vaxið stöðugt, allt frá því að hann steig sín fyrstu skref á þeirri braut með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 1972. Hann hefur verið aðalstjórnandi hjá virtum hljómsveitum á borð við Konunglegu filharmóníusveitina í London og Tékknesku filharmóníusveitina. Árið 2009 tók Ashkenazy við stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar í Sídney í Ástralíu, en hann hefur auk þess unnið með flestum frægustu hljómsveitum heims sem gestastjórnandi.

Í janúar 2001 stjórnaði Vladimir Ashkenazy Sinfóníuhljómsveit Íslands á ný eftir nokkurt hlé. Ári síðar var hann gerður að heiðursstjórnanda hljómsveitarinnar og hefur síðan snúið aftur á hverju starfsári og stjórnað meistaraverkum tónbókmenntanna, meðal annars *Draumi Gerontiusar* eftir Elgar, *Stríðssálumessu* Britzens, *9. sífóníu* Mahlers og *Missa Solemnis* eftir Beethoven.

Þetta starfsár er hið tíunda sem Vladimir Ashkenazy gegnir stöðu heiðursstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Að því tilefni eru honum færðar innilegar þakkir fyrir ómetanlegt framlag til hljómsveitarinnar.

## STEFÁN RAGNAR HÖSKULDSSON

einleikari



Stefán Ragnar Höskuldsson flautuleikari stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Bernharði Wilkinsyni flautuleikara og hljómsveitarstjóra þaðan sem hann lauk einleikaraprófi. Stefán hélt til Manchester þar sem hann lagði stund á flautuleik við Royal Northern College of Music undir leiðsögn Peters Lloyd og Wissams Boustany.

Stefán Ragnar hefur frá árinu 2004 verið fastráðinn flautuleikari við hina virtu hljómsveit Metropolitan óperunnar í New York. Hann gegndi stöðu 2. flautuleikara framan af en var ráðinn sóló-flautuleikari við hljómsveitina árið 2008. Í starfi sínu við Metropolitan óperuna hefur Stefán Ragnar unnið með hljómsveitarstjórum á borð við James Levine, Valerie Gergiev, Esa-Pekka Salonen, Daniel Barenboim, Seiji Osawa og Riccardo Muti.

Samhliða störfum við Metropolitan óperuna hefur Stefán Ragnar komið víða fram sem einleikari og flytjandi kammertónlistar og sem slíkur unnið með James Galway, Alfred Brendel, Diane Damrau, Yifim Bronfman og Gil Shaham auk annarra. Jafnframt hefur hann hefur gegnt stöðu sóló-flautuleikara í hljómsveit hinnar virtu Mostly Mozart hátíðar í New York.

Stefán Ragnar er eftirsóttur kennari og hefur haldið meistaranámskeið við Konunglegu akademíuna og Guildhall tónlistarskólann í London og Conservatorio Real í Madrid. Auk þess er Stefán reglulegur gestaprófessor í flautuleik við Mannes School of Music og Manhattan School of Music í New York.

Á Íslandi hefur Stefán Ragnar haldið meistaranámskeið í Tónlistarskólanum í Reykjavík, á Tónlistarhátíð unga fólksins og tónlistarhátíðinni Við Djúpið þar sem hann var einn aðalkennara árið 2012.

## CARL NIELSEN

### Rhapsody Overture



Danska tónskáldið Carl Nielsen (1865-1931) segir svo frá í bréfi til konu sinnar dagsettu 4. janúar 1927: „Ég þarf að semja forleik á næstu 8-10 dögum vegna færeyskrar hátíðar sem haldin verður í Konunglega leikhúsinu og er styrkt af danska ríkinu. Ég ætla að nota færeyskar laglínur í verkið og ég held að fari létt með þetta. Mér finnst skemmtilegt að semja verk á þessum forsendum.”

Fyrirhuguð hátíð sem Nielsen nefnir í bréfi til konu sinnar var menningarhátíð þar sem færeysk menning var í forgrunni. Reyndar varð dráttur á sjálfri hátíðinni því færeysku listamennirnir, sem ferðuðust vitaskuld sjóleiðis, veiktust vel flestir og hátíðinni var því frestað fram í nóvember sama ár.

Skömmu fyrir hátíðartónleikana í nóvember árið 1927 birtist viðtal við Nielsen í Politiken þar sem tónskáldið ræðir verk sitt, *Rhapsody forleikinn* en verkið hefur undirtitilinn „*Ímynduð ferð til Færeyja*“. „Í raun er forleikurinn tilfallandi verk, samið af tilefni hátíðarinnar. En ég hafði virkilega gaman af því að semja það og mér finnst það hljóma vel. Ég notaði nokkuð af færeyskum efnivið í verkið, miðkaflinn er í raun byggður á færeyskum laglínunum. Upphaf forleiksins og endir er hins vegar algerlega frá mér komið.“

Tónskáldið segir jafnframt: „Við upphaf verksins erum við úti á rúmsjó, hafið er stillt en þó má greina þá dýpt og krafta sem leynast undir niðri. Tilhugsunin er ógnvænleg. Skyndilega heyrst fuglagarg, við nálgumst land og lúðrar hljóma. Ég komst í kynni við færeyska tónlist í gegnum fræðimenn og vini mína og mér finnst heillandi hversu skyldleikinn er skýr við danska tónlist.“ Tónskáldið líkur orðum sínum um verkið í umræddu viðtali á eftirfarandi hátt: „Ég er ekki hallur undir prógrammtónlist en mér fannst tilefnið hæfa. Mig langaði að semja tónverk sem í senn væri mitt um leið og það vísaði í menningararf Færeyja.”

## CARL NIELSEN

### Flautukonsert

Carl Nielsen sýndi snemma ótvíræða hæfileika á svið tónlistar. Hann var af sveitafólki kominn, fjölskyldan bjó á Fjóni og var hann einn tólf systkina. Fyrstu skrefin á tónlistarferlinum steig hann sem fiðluleikari með föður sínum sem lék gjarnan á skemmtunum og fyrir dansi. Við fjórtán ára aldur var hinn ungi Carl Nielsen orðinn meðlimur í herlúðrasveit í Óðinsvéum og mun hann hafa haft gott vald á allnokkrum blásturshljóðfærum.

Það er freistandi að álykta að bakgrunnur Nielsens í tónlist skýri það magn tónlistar sem hann samdi fyrir blásara síðar á lífsleiðinni. Auk kammertónlistar fyrir blásara eru tveir af þremur konsertum tónskáldsins fyrir blásturshljóðfæri; konsert fyrir klarínnett og konsert fyrir flautu.

*Flautukonsertin* var saminn fyrir flautuleikarann Holger Gilbert Hespersen sem þótti um margt einstakur tónlistarmaður, fagaður og smekkvís. Konsertin er í tveimur köflum og segja má að verkið einkennist af leitinni að hinni réttu tóntegund, sem finnst eftir nokkurt ferðalag. Flautan er í hlutverki hins greinda og slynga, á meðan hin hrjúfa og klunnalega básúna, virðist hafa það eina markmið að flækjast fyrir. Þó fer svo að lokum að básúnan hittir á hina réttu tóntegund á endanum og allt endar farsællega.

Carl Nielsen má hiklaust telja til öndvegistónskálda Evrópu á fyrri hluta 20. aldarinnar og hafa vinsældir verka hans farið ört vaxandi á undanförunum árum. Nielsen lifði það þó ekki sjálfur að hljóta viðurkenningu sem eitt af helstu tónskáldum álfunnar. Það var ekki fyrr en á sjöunda áratug 20. aldarinnar sem alþýðuhylli hlaust að einhverju marki utan Norðurlandanna. Hljóðritanir hljómsveitarstjórans Leonards Bernstein voru mikilvægur þáttur í því að vekja áhuga á tónskáldinu.

*Flautukonsertin* naut þó hylli allt frá frumflutningi verksins árið 1926 í París og öðlaðist fljótt sess á meðal helstu blásarakonserta 20. aldarinnar.

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Bernharður Wilkinsson lék

flautukonsert Nielsens fyrstur með

Sinfóníuhljómsveit Íslands árið

1984. Í kjölfarið hafa fylgt Áshildur

Haraldsdóttir (1988), Hallfríður

Ólafsdóttir (1988 og 1996) og Karen

Erla Karólínudóttir (2001).

*Rhapsody forleikurinn hefur ekki áður*

*hljómað í flutningi Sinfóníuhljómsveitar*

*Íslands.*



## ÞORKELL SIGURBJÖRNSSON

Kólumbína, II. kafli

Þorkell Sigurbjörnsson (1938-2013) nam píanóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík en þegar hann fór í framhaldsnám til Bandaríkjanna urðu tónsmíðar hans aðalnámsgrein. Þorkell stundaði námi við Hameline-háskólann í Minnesota og Illinois-háskóla í Champaign-Urbana. Þess utan sótti hann námskeið í tónsmíðum í Darmstadt í Þýskalandi og Nice í Frakklandi.

Þorkell var eitt af lykiltónskáldum okkar á 20. öldinni og er tónverkaskrá hans bæði fjölbreytt og tilkomumikil en þar er að finna; hljómsveitarverk, konserta, kammertónlist, óperur og sönglög auk fjölda annarra tónverka. Þorkell var einnig mikilsvirtur kennari, tónlistargagnrýnandi og dagskrárgerðarmaður. Þorkell var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Hameline-háskólann árið 1999 og var meðlimur Konunglegu sænsku akademíunnar.

Tónverk Þorkels *Kólumbína* er fyrir einleiksflautu og strengi og segir tónskáldið frá tilurð verksins á eftirfarandi hátt: „Árið 1976 samdi ég leikhústónlist við uppfærslu Þjóðleikhússins á *Kaupmanninum í Feneyjum*. Þar gerðist leikurinn í Feneyjum 18. aldar, og stefin áttu að bregða upp stemmingu þess tíma. Þegar sýningum lauk héldu stefin áfram að hljóma í huga mér en ég fann ekkert tilefni til að gera meira úr þeim. Árið 1982 bað flautuleikarinn Manuela Wiesler mig um semja léttúdugt *divertimento* fyrir hana og strengjasveit í Falun í Svíþjóð. Einleikshlutverkið mátti vera krefjandi en strengjaspilið fremur einfalt. Hér var komið kærkomið tækifæri. Þannig varð *Kólumbína* til, úr bútum úr *Kaupmanns-tónlistinni* með daðrandi látbragð gamanleiksfigúrunnar í huga.”

Vinátta og samstarf Vladimirs Ashkenazy og Þorkels Sigurbjörnssonar varði um langt skeið og óskaði Ashkenazy eftir því að fá að minnast Þorkels í efnisskrá kvöldsins: „**Ég tók andlát Þorkels afar nærri mér, en dásamlegir tónsmíðahæfileikar hans gátu af sér fjölda verka sem ég tengdist listrænum böndum og naut þess að stjórna. Rödd hans í tónlistinni var frumleg og sannfærandi og ég harma fráfall svo hæfileikaríks listamanns.**“

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Kólumbína var flutt á tónleikum Þýsku útvarpshljómsveitarinnar í Berlín í Laugardalshöll á Listahátíð árið 1996. Stjórnandi tónleikanna var Vladimir Ashkenazy og einleikari Kornelia Brandkamp. Ashkenazy hefur einnig hljóðritað verkið fyrir japanska útgáfufyrirtækið Octavia Records en í hlutverki einleikara var Berglind María Tómasdóttir. Manuela Wiesler hefur einnig hljóðritað Kólumbínu fyrir BIS útgáfufyrirtækið. Hallfríður Ólafsdóttur lék Kólumbínu á tónleikum með Sinfóníunni árið 2008 undir stjórn Petris Sakari.



## LUDWIG VAN BEETHOVEN

Sinfónía nr. 6



Þann 22. desember árið 1808 voru haldnir tónleikar í Theater an Wien sem óhætt er að segja að hafi verið stórmerkilegir. Fyrir það fyrsta voru frumflutt tónverk sem síðan hafa öðlast sess sem lykilverk í tónlistarsögunni. Ekki er síður merkilegt að horfa til efnisskrár tónleikanna sem verður að teljast í lengra lagi, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Tónverk tónleikanna voru eftir tónskáldið Ludwig van Beethoven (1770-1827). Þetta kvöld voru bæði *fimmta* og *sjötta sinfónía* Beethovens frumfluttar undir stjórn höfundar, auk þess sem tónskáldið lék einleikshlutverkið í *fjórða píanókonsert* sínum og stýrði hljómsveit frá hljómborðinu. Þess utan voru leiknir hlutar úr *c-moll messu* og *Kórfantasíu* fyrir einleikara og hljómsveit. Sannkallaðir stórtónleikar í öllu tilliti.

*Sjötta sinfónía* Beethovens er jafnan nefnd *Pastoral* eða *Sveitasinfónían*. Hún sker sig frá öðrum sinfóníum tónskáldsins hvað það varðar að hún hefur skírskotun í annað en tónlistina sjálfa. Beethoven ritaði í tónleikaskrá við frumflutning verksins: „Sveitasinfónía, sem er fremur tjáning tilfinninga en málverk í tónum.“ Síðar bætti hann við: „Sá sem hefur kynnst sveitalífi af eigin raun getur hæglega gert sér í hugarlund hvað tónskáldið hafði í huga án þess að reiða sig á lýsingar í orðum.“

Beethoven var mikill náttúruunnandi og naut þess að spássera í friði og ró í skógum í nágrenni Vínarborgar. Hann átti það til að hripa niður tónhugmyndir á vappi sínu á pappírssnepil og aðdáun sína á náttúrunni tjáði hann meðal annars í bréfi til Teresu Mafatti þar sem segir: „Það er varla nokkur maður sem ann sveitinni og náttúrunni eins og ég geri. Mér finnst eins og skógarnir, trén, og steinarnir séu bergmál þess sem manneskjan þráir að heyra.“

Þessi þrá eftir sveitalífi og óspilltri náttúru er eitthvað sem var listamönnum á 19. öld hugleikið. Með ört stækkandi borgarsamfélögum sótti að listamönnum þáþrá sem kom

fram í verkum þeirra. Þeir máluðu málverk, rituðu bækur og sömdu ljóð og færðu í tóna óð til náttúru og lífs í sveitum, þess sem var. Í *Sveitasinfóníu* sinni varðar Beethoven veginn fyrir komandi kynslóðir tónskálda sem áttu mörg hver eftir að tengja tónverk sín öðrum listgreinum og gera þau að frásögn í öðru samhengi en áður þekktist. Þessi framsetning er oft nefnd prógrammtónlist.

Þessi nálgun á tónverk var þó ekki alveg nýtt fyrirbrigði því tónskáldið Justin Heinrich Knecht samdi hljóm sveitarverk árið 1784 sem bar yfirskriftina *Le portrait musical de nature* og undirtitilinn *Pastoralsymphonie*. Knecht lýsir náttúrunni í verki sínu á svipaðan hátt og Beethoven gerir, bæði verkin eru í fimm þáttum og innihalda kafla þar sem óveðri er lýst og þakkargjörð þegar óveðri slotar.

Upphafskafli *Sveitasinfóníu* Beethovens ber yfirskriftina „Fagnaðarkenndir vakna þegar komið er í sveitina“. Kaflinn er í hefðbundnu sönötuformi en þó óvanalegur um margt. Frumsamin stefin minna á þjóðlög eða dansa og eru skýrt framsett. Þau eru öll á fremur þröngu tónsviði í dúr og það er eins og Beethoven forðist moll- og minnkaða hljóma þar sem hver dúrhljómurinn rekur annan. Þetta ber með sér allt að því naumhyggjukennan blæ og er einstakt í verkum Beethovens.

Annar kaflinn er hægur og þar staldrar tónskáldið við lækjarbakka og gefur hugsunum sínum lausan tauminn. Vatnsniðurinn heyrir í annarri fiðlu og víólum í vaggandi þriundum en ofan á fljóta fyrstu fiðlu með heiðskýrar hendingar. Við lok kaflans heyrir fjölskrúðugur fuglasöngur þar sem gaurur (klarínett), næturgali (flauta) og kornhæna (óbó) láta í sér heyra.

Í þriðja þættinum gerir Beethoven góðlátlegt grín að tónlistarmönnum til sveita sem eiga erfitt með að leika í takt. Tónlistin er sveitadans og er framanaf örlítið misstíg, það er eins og blásararnir viti ekki hvenær þeir eigi að stinga niður fæti.

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

*Sveitasinfónía* Beethovens hljómar nú í tuttugasta sinn í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Róbert A. Ottósson stýrði flutningi verksins í Þjóðleikhúsinu árið 1951 en síðan þá hafa hljómsveitarstjórar á borð við Olav Kjelland (1954), Bohdan Wodiczko (1966 og 1971), Paavo Berglund (1967), Aldi Ceccato (1989), Petri Sakari (1992 og 2001), Osmo Vänskä (2011) og Hannu Lintu (2012) stýrt flutningi verksins.

Gleðin vîkur skyndilega fyrir óveðursskýjum sem óðfluga nálgast. Drynjandi pákur og skræk pikkolóflauta tjá þrumurnar í tónum og moll- og minnkaðir hljómar, sem Beethoven forðaðist að nota í fyrsta þætti, eiga ekki hvað síst þátt í því að gera þrumuveður Beethovens jafn áhrifaríkt og raun ber vitni í fjórða þættinum.

Þrumuveðrið er einskonar inngangur að lokakafla símfóníunnar, veðrinu hefur slotað og tónlistin er full þakklætis. Sálmalagi bregður fyrir og verkinu líkur á töfrandi og heiðskýrum nótum.

Helgi Jónsson

## Barnastund SÍ í Hörpuhorni

Laugardaginn 11. maí kl. 11:30

Barnastundin er ætluð yngstu hlustendunum. Í Barnastundinni er flutt tónlist í um það bil 30 mínútur í opnu rými á 2. hæð fyrir framan Eldborg. Tónlistin og lengd Barnastundarinnar er sérstaklega sniðin að þeim hópi sem er of ungur til að sitja heila tónleika í Litla tónsprotanum. Barnastundin með Sinfóníunni er börnum í fylgd forráðamanna sinna að kostnaðarlausu. Kynnir í Barnastundinni er trúðurinn Barbara og hljóm sveitarstjóri er Bernharður Wilkinson. Sérstakur gestur er Maxímús Músíkús. Vinsamlega takið með ykkur púða til að sitja á.

Í Barnastundinni 11. maí verður fluttur fyrsti þáttur úr *Eine kleine Nachtmusik* eftir Mozart af hljóðfæraleikurum Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands. Einnig verður flutt úrval létttra og skemmtilegra laga sem koma öllum í sannkallað sumarskap.

## Álfar og riddarar

Laugardaginn 11. maí kl. 14:00

Nýtt og spennandi tónlistarævintýri eftir færeyska þríeykið Raket Helmsdal rithöfund, Kára Bæk tónskáld og myndskreytinn Janus á Húsagarði. Seiðandi danstónlist, kraftmikið slagverk og riddaraleg lúðraköll einkenna þetta framúrskarandi barnaverk. Myndskreytingum Janusar er varpað upp á stórt tjald meðan á flutningi ævintýrsins stendur. Sögumaðurinn Benedikt Erlingsson les nýja þýðingu Þórarins Eldjárns á ævintýrinu. Sérstakir gestir á tónleikunum verða ungmenni frá Færeyjum sem syngja og dansa fyrir tónleikagesti.

**Jón Leifs** Íslensk rímnadanslög

**Kári Bæk** Veiða vind

**Atli K. Petursen** Ólavur Riddararós

**Bernharður Wilkinson** hljóm sveitarstjóri

**Benedikt Erlingsson** sögumaður





## Mendelssohn og Tsjajkovskíj

Fimmtudaginn 16. maí kl. 19:30

Saleem Abboud Ashkar hélt sína fyrstu tónleika í Carnegie Hall 22 ára gamall og hefur síðan þá unnið með leiðandi hljómsveitum og stjórnendum víða um heim. Ashkar lék Píanókonsert nr. 1 eftir Mendelssohn á tónleikaferðalagi með Riccardo Chailly og Gewandhaus hljómsveitinni, meðal annars á BBC Proms-tónlistarhátíðinni í London 2009. Í kjölfarið bauðst honum upp-tökusamningur hjá Decca.

Kalevala söguljóðin voru Sibeliusi mikill innblástur. Þannig er um tónaljóðið Dóttur norðursins þar sem segir frá töframanninum Väinämöinen sem verður yfir sig ástfanginn af undurfallegri ungri stúlku. Ást hans er ekki endurgoldin því Dóttir norðursins hefur íshjarta og helsta ánægja hennar er að leggja ófyrstíganlegar þrautir fyrir biðla sína.

Tsjajkovskíj lauk við síðustu sínfóníu sína í ágúst 1893 og stjórnaði sjálfur frumflutningum í St. Pétursborg 28. október sama ár, níu dögum áður en hann lést. Því hefur verið talað um að 6. sínfónían sé grafskrift Tsajkovskíjs. Þegar sínfónían var flutt á minningartónleikum um tónskáldið, vakti hún fádæma hrifningu sem hún hefur notið æ síðan.

Finnski hljómsveitarstjórinn Pietari Inkinen var skipaður aðalstjórnandi Sínfóníuhljómsveitar Nýja Sjálands 2008 og er aðalgestastjórnandi Filharmóníuhljómsveitarinnar í Japan. Inkinen hefur áður stjórnað Sínfóníuhljómsveit Íslands við góðar undirtektir, nú síðastí maí 2012.

**Jean Sibelius** Dóttir norðursins

**Felix Mendelssohn** Píanókonsert nr. 1

**Pjotr Tsajkovskíj** Sínfónía nr. 6, Pathétique

**Pietari Inkinen** hljómsveitarstjóri

**Saleem Abboud Ashkar** einleikari

Tónleikakynning kl. 18:00 í Hörpuhorni.

# HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

2. maí 2013

## 1. FIÐLA

Nicola Lolli  
Ari Þór Vilhjálmsson  
Zbigniew Dubik  
Andrzej Kleina  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Lin Wei  
Rut Ingólfssdóttir  
Mark Reedman  
Bryndís Pálsdóttir  
Laufey Sigurðardóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir

## 2. FIÐLA

Una Sveinbjarnardóttir  
Roland Hartwell  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Gunnhildur Daðadóttir  
Greta Guðnadóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Christian Diethard  
Greta Salome Stefánsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Kristján Matthíasson

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Sarah Buckley  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Kathryn Harrison  
Sesselja Halldórsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir

## SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir  
Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Lovisa Fjeldsted  
Inga Rós Ingólfssdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Matthías Nardeau

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Brjánn Ingason  
Darri Mikaelsson

## HORN

Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jóelsson  
Lilja Valdimarsdóttir

## TROMPET

Einar Jónsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Jón Halldór Finnsson  
David Bobroff

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson

# GAMMA er einn af aðalstyrktaraðilum Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval  
verðbréfa- og fagfjárfestisjóða  
Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 519 3300, [www.gamma.is](http://www.gamma.is)



**GAMMA**  
GAM Management hf



ENNEMM / SJIA / NM64421

**Forvarnir eru málið þegar tryggingar snúast um fólk!**

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

**VÍS**